

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 20. desember 2021 í máli nr. 22/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. mars 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða sér alls 220.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 3. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 17. mars 2021. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust 24. mars 2021. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 8. apríl 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, staðfesting á greiðslu fyrir námskeið í veiðileiðsögn, dags. 8. febrúar 2021, afrit af umsókn sóknaraðila um veiðileiðsögunám, dags. 8. febrúar 2021, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, afrit af dagskrá námskeiðsins, afrit af reikningi, dags. 10. febrúar 2021, svo og afrit af dómum héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-6595/2009 og E-184/2013, svo og afrit af dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-149/2018.

Með bréfi, dags. 21. maí 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili sótti um þáttöku á námskeiði í veiðileiðsögn á vegum varnaraðila með umsókn þann 8. febrúar árið 2021. Greiddi sóknaraðili 220.000 krónur fyrir námskeiðið þann dag með millifærslu. Námskeiðið átti að hefjast þann 3. mars árið 2021 og vera kennt alla miðvikudaga út aprílmánuð. Samkvæmt skilmálum sem greint var frá í umsókninni var greiðsla fyrir námskeiðið óafturkræf en þar sagði: „Verðið er samkvæmt áður útgefinni dagskrá fyrir Veiðileiðsögunám sem ég hef kynnt mér og er námsgjaldið óafturkræft hljóti nemandi inngöngu.“

Sóknaraðili krafðist þess við varnaraðila þann 18. febrúar 2021 að umsókn sóknaraðila yrði dregin til baka og greiðsla að fjárhæð 220.000 krónur endurgreidd sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess fyrir kærunefndinni að varnaraðila verði gert að endurgreiða gjaldið. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1 Sjónarmið sóknaraðila

Að sögn sóknaraðila breyttust aðstæður hjá honum eftir að umsóknin var lögð fram og greiðsla fyrir námskeiðið hafði verið innt af hendi. Sóknaraðili kveðst hafa greitt námskeiðsgjaldið í þeirri trú að hann fengi greiðsluna endurgreidda ef hann hlyti ekki inngöngu í námið eða ef hann drægi umsókn sína til baka áður en innganga sóknaraðila í námið yrði staðfest. Megi ráða þann skilning af skilmálum umsóknarinnar að þeir umsækjendur, sem ekki hafi hlotið inngöngu, eigi endurkröfurétt á hendur varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið neina staðfestingu á inngöngu í námið þegar sóknaraðili krafðist endurgreiðslu þann 18. febrúar 2021, tíu dögum eftir að umsóknin var lögð fram. Engin staðfesting, hvorki munnlega né skriflega, hafi borist frá varnaraðila um að sóknaraðili hafi sannanlega fengið inngöngu í námið. Eigi ákvæðið í umsókninni þar af leiðandi ekki við í tilviki sóknaraðila.

3.2 Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili kveðst hafa veitt sóknaraðila ítarlegar upplýsingar um námskeiðið á fundi málsaðila þann 8. febrúar 2021. Á fundinum hafi sóknaraðila verið tilkynnt að hann væri velkominn á námskeiðið og hafi sóknaraðili í kjölfarið fyllt út umsóknareyðublaðið. Sóknaraðila hafi verið veittar upplýsingar um að greiða þyrfti fyrir námskeiðið til að tryggja sér frátekið sæti á námskeiðinu. Hafi sóknaraðila verið fulljóst að greiðslan væri óafturkræf líkt og fram komi á umsóknareyðublaðinu. Greiðsla hafi borist frá sóknaraðila samdægurs og ekki hafi farið á milli mála að sóknaraðili væri meðvitaður um að hann væri innritaður á námskeiðið. Þann 18. febrúar 2021, eða tíu dögum síðar, hafi sóknaraðili haft samband við varnaraðila símleiðis og veitt upplýsingar um breyttar aðstæður hjá sóknaraðila. Hafi sóknaraðili óskað eftir endurgreiðslu. Varnaraðili kveðst hafa hafnað þeirri kröfu enda hafi breyttu aðstæður sóknaraðila ekkert að gera með námskeiðið. Hafi sóknaraðila þó verið boðið að sitja námskeiðið í fjarnámi sem sóknaraðili hafi hafnað. Eftir það hafi sóknaraðili borið því fyrir sig að hann hafi ekki fengið staðfestingu á innritun sinni sem rök fyrir endurgreiðslukröfu. Telur varnaraðili að slíkar röksemdir eigi ekki við í málinu og séu ótrúverðugar þar sem sóknaraðili hafi fengið upplýsingar við innritun um að umsókn hans hafi verið samþykkt sem sóknaraðili hafi svo staðfest með greiðslu. Þá leggur varnaraðili fram reikning vegna námskeiðsins, dags. 10. febrúar 2021, þar sem komi skýrlega fram að umsækjandi hafi hlotið skólavist þar sem segir „staðfest sæti/skráning í veiðileiðsögn 2021“.

Varnaraðili bendir á að skólinn þurfi samhliða skráningu að ganga frá og staðfesta kennslu, ráða fyrirlesara og koma upp skipulagi. Rekstur skólans geti ekki gengið ef skráðir nemendur geti hætt við að taka þátt í námskeiðum eftir eigin hentisemi. Varnaraðili telur að með umsókn sóknaraðila, greiðslu á námskeiðsgjaldinu og samskiptum í aðdraganda umsóknarinnar, hafi komist á bindandi samningur með málsaðilum sem sóknaraðila beri að efna. Námskeiðið hafi farið fram og hafist þann 3. mars 2021 og með því hafi varnaraðili efnt sinn hluta samningsins. Ekki sé á ábyrgð varnaraðila þó sóknaraðili hafi kosið að hætta við að taka þátt. Varnaraðili vísar einnig til eftirfarandi dóma sem hann telur hafa fordæmisgildi fyrir úrlausn málsins, dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6595/2008, dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-184/2013, svo og dóms Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-149/2018.

3.3 Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum bendir sóknaraðili á að röksemdir hans fyrir því að draga umsókn sína til baka og krefjast endurgreiðslu hafi ekki breyst. Hafi krafan frá upphafi byggt á þeim rökum að engin staðfesting hafi borist um innritunina frá varnaraðila. Eigi

sóknaraðili þar af leiðandi rétt á að draga umsókn sína til baka og krefjast endurgreiðslu. Sóknaraðili segir rangt að varnaraðili hafi veitt þær upplýsingar að greiða þurfi námsgjaldið til að fá frátekið sæti. Hið rétta sé að varnaraðili hafi veitt sóknaraðila þær upplýsingar að tvö til þrjú pláss væru laus á námskeiðinu. Þegar sóknaraðili hafi spurt hvers vegna fjöldinn sé ekki ljós hafi varnaraðili sagt að einhverjir ættu eftir að borga námsgjöldin og að því fyrr sem sóknaraðili greiddi því líklegra væri að hann kæmist að á námskeiðinu. Varnaraðili hafi hins vegar ekki sagt að sóknaraðili væri öruggur um sæti á námskeiðinu þó gjaldið yrði greitt.

Sóknaraðili bendir á að sá reikningur sem varnaraðili vísar til sé dagsettur tveimur dögum eftir að sóknaraðili greiddi gjöldin. Sóknaraðili hafi hvorki séð þennan reikning áður né fengið hann í hendur. Hafi sóknaraðili aðeins séð þá mynd af reikningnum sem varnaraðili hafi lagt fram með andsvörum sínum. Kveðst sóknaraðili ekki geta fullyrt að reikningurinn hafi í raun verið útgefinn þann 10. febrúar 2021. Þá telur sóknaraðili að orðalag reikningsins sé afar einkennilegt í ljósi þess að röksemdir sóknaraðila byggji á því að engin staðfesting hafi borist. Orðalagið er að mati sóknaraðila sérstakt á slíkum almennum reikningi, sér í lagi þar sem fyrirsvarsmaður varnaraðila hafi sagt sóknaraðila að hann gæfi ekki upp á reikningi um hvers konar námskeið væri að ræða. Hafi varnaraðili sagt að það varðaði ekki stéttarfélagin um hvers kyns nám væri að ræða og boðist til að skrifa upp á að sóknaraðili hugðist sækja tölvunámskeið svo líklegra væri að sóknaraðili fengi styrk. Í tölvupóstsamskiptum við varnaraðila hafi sóknaraðili sérstaklega óskað eftir staðfestingu á því hvernig og hvenær varnaraðili ætti að hafa staðfest við sig að hann fengi inngöngu í námið. Hafi varnaraðili haldið því fram að hann hafi veitt sóknaraðila þær upplýsingar á fundi málsaðila. Telur sóknaraðili einkennilegt að varnaraðili hafi nú skyndilega undir höndum reikning því til staðfestingar. Þá bendir sóknaraðili á að á þessum reikningi komi ekki fram hvort um hafi verið að ræða heildarupphæð eða hlutagreiðslu, hvort búið sé að greiða gjaldið, fjölda tíma sem er innifalinn í námskeiðinu eða tímabil námskeiðsins. Sóknaraðili bendir einnig á að dagskrá námskeiðsins hafi legið fyrir þegar sóknaraðili hafi fyrst haft samband við varnaraðila, með fyrirvara um breytingar. Af lýsigögnum dagskrárinnar hafi skjalið verið búið til þann 29. janúar 2021. Umsókn sóknaraðila virðist samkvæmt því ekki hafa haft áhrif á ráðningu fyrirlesara. Þá hafi námskeiðið ekki verið fullsetið þegar sóknaraðili dró umsókn sína til baka og umsókn sóknaraðila hafi þar af leiðandi ekki haft bein áhrif á ráðningu fyrirlesara og engum hafi verið vísað frá þátttöku í námskeiðinu.

Sóknaraðili telur að þeir dómur sem varnaraðili vísar til séu í eðli sínu frábrugðnir þeim ágreiningi sem er uppi milli sóknaraðila og varnaraðila. Í máli nr. E-6595/2008 hafi stefnda gert athugasemd við greiðslu mánuði eftir að námskeiðið hófst. Í máli nr. E-184/2013 hafði stefndi setið námskeiðið í fimm vikur, en þá geti að mati sóknaraðila verið of seint að fá inn nýjan nemanda. Í máli nr. E-149/2018 hafi stefndi einnig mætt í tíma á námskeiðinu. Stefndi hafi bent á að umsóknareyðublaðið væri villandi og það beri ekki með sér að um gagnkvæman samning væri að ræða. Einnig hafi stefndi bent á að umsóknareyðublaðið hafi áður verið til vandræða. Varnaraðili hafi hins vegar enn þann dag í dag gert lítið til að breyta því.

Sóknaraðili telur að ekki hafi verið um bindandi gagnkvæman samning að ræða milli sóknaraðila og varnaraðila þar sem ekkert hafi verið tekið fram um að greiðsla skólagjalda jafngildi staðfestingu á skólavist. Ennfremur hafi á umsókninni ekki verið gert ráð fyrir undirskrift forsvarsmanns varnaraðila, enda hafi hann ekki skrifað undir. Munurinn á þessum málum öllum er sá að mati sóknaraðila að sóknaraðili sótti engar kennslustundir á námskeiðinu annað en þeir nemendur sem dómarnir taki til, enda hafi sóknaraðili dregið umsókn sína til baka með nærri tveggja vikna fyrirvara eða 13 daga.

Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi sent sér tölvupóst þann 3. mars 2021 með námsefni fyrstu kennslustundar sem fór fram síðar þann dag. Hafi varnaraðila þá verið fulljóst að sóknaraðili hefði þegar dregið umsókn sína til baka. Degi síðar hafi sóknaraðili óskað eftir því að varnaraðili sendi sóknaraðila ekki frekara námsefni þar sem sóknaraðili sé ekki nemandi í skólanum. Hafi varnaraðili orðið við þeirri beiðni og ekki sent sóknaraðila frekara námsefni. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi með því viðurkennt að sóknaraðili hafi ekki verið skráður í námið. Skilmálar umsóknarinnar hafi verið þeir að námsgjaldið sé óafturkræft ef nemandi hlýtur inngöngu í námið. Þar sem engin staðfesting á innritun var látin af hendi, og með viðurkenningu á að sóknaraðili sé ekki skráður í skólann, megi líta svo á að sóknaraðili eigi rétt á endurgreiðslu.

3.4 Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum tekur varnaraðili fram að sóknaraðili hafi ekki hætt við þáttöku í náminu af því hann hafi ekki fengið staðfestingu á skráningu heldur vegna aðstæðna sem sóknaraðili hafi tjáð varnaraðila í síma þann 18. febrúar 2021. Þá ítrekar varnaraðili að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um að með greiðslu námsgjaldsins hafi sóknaraðili verið skráður í námið enda hafi það komið fram í samtali milli málsaðila, kynningu á náminu og einnig komi skýrlega fram í umsókn sóknaraðila að gjaldið sé óafturkræft. Vekur að mati varnaraðila furðu að sóknaraðili hafi staðfest umsókn sína með greiðslu og ekki haft samband við varnaraðila í tíu daga með fyrirspurn um það hvort sóknaraðili væri í raun skráður í námið. Varnaraðili kveðst hafa sent reikning fyrir námskeiðsgjaldinu í almennum pósti á lögheimili sóknaraðila. Varnaraðili telur að tilvísaðir dómur hafi fordæmisgildi í málinu.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili sótti um þáttöku á námskeiði á vegum varnaraðila í veiðileiðsögn þann 8. febrúar árið 2021. Í umsókninni er greint frá því að verð fyrir þáttökuna sé „samkvæmt áður útgefinni dagskrá fyrir Veiðileiðsögunám sem ég hef kynnt mér og er námsgjaldið óafturkræft hljóti nemandi inngöngu.“ Samkvæmt umsóknareyðublaðinu var gjald fyrir námskeiðið sagt að fjárhæð 210.000 krónur en því var breytt með yfirstrikun þar sem verðið var nú sagt 220.000 krónur. Sóknaraðili greiddi gjald að fjárhæð 220.000 krónur fyrir þáttöku á námskeiðinu þann 8. febrúar 2021. Tíu dögum síðar óskaði sóknaraðili eftir því að umsókn hans um þáttöku á námskeiðinu yrði dregin til baka og gjaldið að fjárhæð 220.000 krónur endurgreitt. Krafa sóknaraðila var lögð fram 13 dögum áður en námskeiðið átti að hefjast þann 3. mars árið 2021. Að mati sóknaraðila fólst ekki bindandi gagnkvæmur samningur í umsókn sóknaraðila um þáttöku í námskeiðinu. Þá telur sóknaraðili að skilmálar umsóknarinnar eigi ekki við í tilviki sóknaraðila þar sem hann hafi enga staðfestingu fengið um að hann hafi hlotið inngöngu í námið á þeim tíma þegar hann óskaði eftir endurgreiðslu. Varnaraðili hefur hafnað kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu með vísan til þess að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila með umsókn sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðila verið veittar upplýsingar um það að með greiðslu væri þátttaka hans í námskeiðinu samþykkt.

Með hliðsjón af umsókn sóknaraðila um þáttöku á námskeiði varnaraðila, greiðslu sóknaraðila til varnaraðila síðar sama dag og því sem fyrir liggur um samskipti málsaðila, verður lagt til grundvallar að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila um

Þátttöku sóknaraðila á námskeiði í veiðileiðsögn á vegum varnaraðila. Var varnaraðili með samningnum skuldbundinn til að veita sóknaraðila þjónustu í formi kennslu á námskeiðinu, gegn greiðslu sóknaraðila.

Í skilmálum umsóknar um námið kom fram að námsgjaldið væri „óafturkræft hljóti nemandi inngöngu“. Þrátt fyrir að sóknaraðili hafi mátt gera ráð fyrir því að hann hefði hlotið inngöngu á námskeiðið í kjölfar greiðslunnar til varnaraðila verður ekki fram hjá því litið að hvergi var af hálfu varnaraðila greint frá því hvað fælist í skilyrðinu að hljóta „inngöngu“ í námið. Lá því ekki fyrir með skýrum hætti á hvaða tímapunkti námsgjaldið væri í raun „óafturkræft“ í skilningi samnings málsaðila. Þar sem skilmálinn fól í sér fyrirvara um það hvenær greiðslan yrði óafturkræf bar varnaraðila að tryggja að fyrir lægi, við samningsgerðina, hvernig og hvenær ákvæðið tæki gildi þannig að greiðslan yrði óafturkræf.

Líta verður til þess að skilmáli varnaraðila er undantekning frá meginreglum kröfuréttar um afpöntun á þjónustu og er verulega íþyngjandi gagnvart þeim sem undir hann gengst. Þannig er skilmálinn fortakslaus og ekki skiptir máli með hversu löngum fyrirvara samningsaðilinn afpantar, eða hvort varnaraðili náí að fylla námskeiðið, þrátt fyrir afpöntun. Varnaraðili samdi þar að auki umsóknareyðublaðið og þann skilmála sem þar var að finna einhliða og án aðkomu sóknaraðila. Verður varnaraðili þar af leiðandi að bera hallann af óskýrleika skilmálans og skorti á upplýsingagjöf til sóknaraðila sem var neytandi í réttarsambandi málsaðila. Er fallist á það með sóknaraðila að hann hafi, með hliðsjón af óskýrleika ákvæðisins, mátt gera ráð fyrir því að tilkynning um inngöngu bærst með formlegum hætti í kjölfar skráningarinnar. Gegn neitun sóknaraðila verður ekki litið á framlagðan reikning sem sönnun um staðfestingu á inngöngu sóknaraðila í námið. Liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi fengið afrit þess reiknings, sem dagsettur er tveimur dögum eftir að sóknaraðili greiddi námsgjaldið til varnaraðila, fyrr en við meðferð málsins hjá kæruneftndinni. Liggur þar af leiðandi ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi fengið staðfestingu á inngöngu áður en sóknaraðili óskaði eftir endurgreiðslu gjaldsins.

Þegar skýru samningsákvæði er ekki til að dreifa um afleiðingar þess að samningur er vanefndur er í kauparétti litið til almennra reglna samninga- og kröfuréttar sem eiga við um afpöntun á þjónustu. Þau atriði sem hafa áhrif, við mat á því hvort afpöntun á þjónustu varnaraðila hafi verið heimil án þess að leiða til bótaskyldu sóknaraðila, eru meðal annars hvort afpöntunin hafi farið fram innan hæfilegs frests, hvort og að hvaða marki varnaraðili varð fyrir tjóni vegna ákvörðunar sóknaraðila, svo og hvaða möguleika varnaraðili hafði til að takmarka tjón sitt, til að mynda með því að semja við annan aðila í stað sóknaraðila. Við framangreint mat hvílir á seljanda þjónustunnar að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til afpöntunar á þjónustunni.

Óhætt er að segja að í neytendarétti hafi neytandi töluvert meira svigrúm til afpöntunar og til að falla frá samningi en leiðir af almennum reglum. Er slíkur réttur lögfestur í ýmsum lögum og reglum er sérstaklega varða viðskipti milli neytenda og seljenda.

Um samninga milli neytenda og seljenda gilda lög nr. 16/2016 um neytendasamninga (nsl.), sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í VI. kafla nsl. er mælt fyrir um skýran rétt neytanda til að falla frá samningi við seljanda þegar um fjarsölusamning eða samning utan fastrar starfsstöðvar seljanda er að ræða. Neytandi hefur fjórtán daga frest til að falla frá fjarsölusamningi samkvæmt 1. mgr. 16. og þarf ekki að tilgreina neina ástæðu fyrir ákvörðun sinni um að falla frá samningi, sbr. 2. mgr. 16. gr. nsl. Umsókn sóknaraðila um námið var hins vegar lögð fram á starfsstöð varnaraðila og var því hvorki um

fjarsölusamning né samning utan fastrar starfsstöðvar seljanda að ræða. Ákvæði 16. gr. nsl. um rétt til að falla frá samningi á þar af leiðandi ekki við um þann samning sem gerður var milli sóknaraðila og varnaraðila.

Mælt er fyrir um rétt neytanda til afpöntunar í VIII. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkp.). Þar segir í 1. mgr. 41. gr. að ef neytandi afpantar hlut áður en hann er afhentur geti seljandi ekki haldið fast við kaupin og krafist greiðslu. Ef ekkert annað leiðir af samningi aðila getur seljandi hins vegar þess í stað krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afpöntunin veldur. Ákvæði laganna taka ekki til samnings sóknaraðila og varnaraðila þar sem ekki var um sölu á hlut til neytanda að ræða í skilningi laganna.

Mælt er fyrir um rétt neytanda til að afpanta þjónustu í VIII. kafla laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.). Í 35. gr. þkpl. segir að neytanda sé heimilt að afpanta þjónustu sem hann hefur óskað eftir og óska eftir að frekari vinnu verði hætt þótt verk sé hafid. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laganna er seljanda þjónustu heimilt að krefjast greiðslu fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi þótt neytandi afpanti þjónustu, sbr. 35. gr., svo og fyrir þá vinnu sem nauðsynlegt er að ljúka þrátt fyrir afpöntun. Fjárhæð endurgjalds ber að ákveða með tilliti til heildarverðs fyrir þjónustuna og að öðru leyti með hliðsjón af 28. gr. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins getur seljandi einnig krafist skaðabóta fyrir afleitt tjón enda sýni hann fram á tjónið. Samkvæmt 1. gr. þkpl. taka löginn til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér vinnu við lausafjármuni, við fasteignir, vegna byggingaframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi, geymslu á lausafjármunum og ráðgjöf í tengslum við vinnu við fasteignir, byggingaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á landi. Af framangreindu leiðir að ákvæði laganna gilda ekki um kaup á þeirri þjónustu sem sóknaraðili keypti af varnaraðila.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun (pfl.) er að auki mælt fyrir um rétt neytanda, ferðamanns, til að afpanta pakkaferð. Skilyrði þess að pakkaferð sé afpöntuð er sú að neytandi greiði sanngjarna þóknun til skipuleggjanda ferðarinnar. Þá segir að í samningi um pakkaferð sé heimilt að tilgreina sanngjarna þóknun fyrir afpöntun ferðar sem tekur mið af því hversu löngu fyrir upphaf ferðarinnar afpantað er og áætluðum tekjumissi skipuleggjanda eða smásala. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef ekki er kveðið á um staðlaða þóknun vegna afpöntunar í samningi skuli þóknunin samsvara tekjumissi skipuleggjanda eða smásala. Samningur sóknaraðila og varnaraðila fellur eðli málsins samkvæmt ekki undir gildissvið pfl. enda er ekki um pakkaferð eða samtengda ferðatilhögun að ræða.

Samningur sóknaraðila og varnaraðila fellur ekki beinlínis undir neina gildandi neytendalöggjöf líkt og rakið hefur verið. Staða aðila er hins vegar þannig að um er að ræða einstakling, þ.e. neytanda, sem kaupir þjónustu af aðila sem hefur atvinnu sína af sölu þjónustunnar. Þar sem engin sett réttarregla tekur til réttar sóknaraðila til afpöntunar kemur til álita hvort unnt sé að beita framangreindum ákvæðum með löggjöfnun í málinu.

Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar ákvæðum þjónustukaupalaganna miða að því að tryggja vernd neytanda við kaup á þjónustu af aðilum sem veita hana í atvinnuskyni, enda þurfi neytendur í síauknum mæli að treysta á þjónustu hinna ýmsu fagstétta. Sömu sjónarmið ættu að liggja að baki við mat á kröfu sóknaraðila. Þykir rétt að samningur málsaðila verði metinn í samræmi við þær réttarreglur sem gilda almennt um afpöntun í neytendasamningum. Verður ákvæði 35. gr. þkpl. því beitt með löggjöfnun í málinu.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 35. gr. þkpl. er fallist á kröfu sóknaraðila um rétt hans til að afpanta þjónustu varnaraðila. Við afpöntun getur neytanda

þó verið gert að greiða fyrir þá vinnu sem seljandi hefur þegar innt af hendi, svo og að greiða seljandanum skaðabætur ef seljandi sýnir fram á tjón sitt, sbr. 36. gr. þkpl.

Við meðferð málsins hefur varnaraðili bent á að hann hafi orðið fyrir tjóni þar sem hann hafi haldið plássi fyrir sóknaraðila á námskeiðinu þrátt fyrir afpöntun sóknaraðila. Hafi varnaraðili ekki fengið annan nemanda á námskeiðið í stað sóknaraðila. Við meðferð málsins var af hálfu kæruneftdarinnar óskað eftir nánari upplýsingum frá varnaraðila um það að hvaða marki varnaraðili hafi orðið fyrir tjóni vegna afpöntunarinnar. Var óskað eftir upplýsingum um það hversu mörg pláss voru í boði á umþrættu námskeiði svo og hversu mörg pláss voru að endingu seld til þátttöku á námskeiðinu. Í svari varnaraðila kom fram að nemendafjöldi hafi verið „undir væntingum skólans en námskeiðið sátu [...] í kringum 20 manns“. Af svörum varnaraðila verður ekki ráðið með vissu nákvæmlega hversu margir tóku að endingu þátt í námskeiðinu og liggur ekki fyrir hver var hámarksfjöldi þátttakenda. Ekki liggur fyrir hvort varnaraðili hafi reynt að takmarka tjón sitt með því að bjóða öðrum aðila þáttöku á námskeiðinu í stað sóknaraðila, í stað þess að halda fast í samninginn við sóknaraðila, þrátt fyrir afpöntun á þjónustunni og skýran vilja sóknaraðila til að taka ekki þátt á námskeiðinu. Varnaraðili hafði tækifæri til að takmarka tjón sitt með því að semja við annan aðila þegar sóknaraðili afpantaði þjónustuna þar sem námskeiðið var ekki hafið og tvær vikur voru í upphaf þess. Ekki verður séð að tveggja vikna fyrirvari sé of skammur til þess.

Tekið skal fram að tilvísaðir héraðsdómar í málum varnaraðila nr. E-6595/2008, E-184/2013 og nr. E-149/2018, hafa ekki fordæmisgildi að mati kæruneftdarinnar. Í síðari tveimur málunum var námskeið varnaraðila hafið þegar krafa var gerð um endurgreiðslu, ólíkt því sem á við í máli sóknaraðila, þar sem þjónustan var afpöntuð með u.þ.b. tveggja vikna fyrirvara. Þá virðast stefndu í málum nr. E-6595/2008 og E-149/2018 ekki hafa byggt á réttarreglum um afpöntun þjónustu og komu þær reglur því ekki til skoðunar, í samræmi við útilokunarreglu einkamálaréttarfars og meginreglur um málsforræði, sbr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með hliðsjón af framangreindu liggur ekki ljóst fyrir hvort og að hvaða marki varnaraðili hafi orðið fyrir tjóni sökum þess að sóknaraðili ákvað að afpanta þjónustuna um það bil tveimur vikum áður en námskeiðið átti að hefjast. Þar sem varnaraðili hefur ekki sýnt fram á tjón sitt, sem rekja megi til sóknaraðila, koma skaðabætur ekki til álita í málinu.

Varnaraðili hefur við meðferð málsins bent á að hann hafi verið búinn að ráða fyrirlesara og skipuleggja námskeiðið þegar sóknaraðili afpantaði þjónustuna. Líta verður til þess að námskeiðið var ekki aðeins haldið fyrir sóknaraðila heldur fleiri aðila. Liggur því ekki fyrir að hvaða marki varnaraðili varð fyrir fjárhagslegu tjóni vegna undirbúnings og útlagðrar vinnu, beinlínis af völdum sóknaraðila, vegna slíks kostnaðar. Hins vegar verður að fallast á að varnaraðili eigi rétt á sanngjarnri þóknun fyrir vinnu sína við undirbúning námskeiðsins og aðra vinnu í þágu sóknaraðila sem hæfilega er ákveðin að álitum 20.000 krónur. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila 200.000 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 200.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson